

Nd.

687. Frumvarp til laga

[179. mál]

um Áburðarverksmiðju ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. marz.)

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er lýtur sérstakri stjórn, samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Markmið hennar er:

1. Að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslu.
2. Að hafa á hendi einkasölu á tilbúnum áburði, og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða né flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburði og áburðarefnum og frekast er vól á.

Þess skal jafnan gætt, að ekki stafi mengunarhætta af rekstri verksmiðjunnar.

3. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarsölu ríkisins, gagnvart einstaklingum og hinu opinbera og kemur að öllu leyti í hennar stað.

Allar bækur og skjöl áburðarsölnunnar falla til Áburðarverksmiðjunnar.

Skipulagsbreytingin fer fram 1. janúar 1971 og miðast reikningsskil við þann dag.

4. gr.

Ríkissjóður leggur Áburðarverksmiðju ríkisins til, auk hlutafjár Áburðarverksmiðjunnar h.f., stofnfjárframlög, eins og ákveðin kunna að verða í fjárlögum.

5. gr.

Að því leyti sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innanlands og utan, enda samþykki ríkisstjórnin lántökuna samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins, annarra en stofnkostnaðar.

6. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna,

7. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra. Hann veitir fyrirtækinu forstöðu og annast alla daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórnin ræður einnig verksmiðjustjóra með verkfræðilega menntun, er annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og sjálfum verksmiðju-rekstrinum.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

8. gr.

Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír. Skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra, og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn.

9. gr.

Við Áburðarverksmiðju ríkisins starfar samstarfsnefnd skipuð þrem fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum vara-mönnum.

Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis, gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og efla hagkvæman rekstur fyrirtækisins. Nefndin skal eftir föngum leitast við að hindra eða leysa ágreiningsmál án þess að fara inn á svið kjarasamninga. Stjórnendum verksmiðjunnar ber að veita samstarfsnefnd allar þær upplýsingar um rekstur fyrirtækisins, sem máli skipta.

Landbúnaðarráðherra setur nánari ákvæði um samstarfsnefnd í reglugerð.

10. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákveður, að höfðu samráði við landbúnaðar-ráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum og innfluttum áburði. Skal verðið miðað við sjónarmið þau, sem fram koma í 2. gr., og að eðlilegur afrakstur fáiast af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Eignir skulu þá metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum hæfilegum afskriftum.

11. gr.

Innanlands selur Áburðarverksmiðjan áburð þann, sem hún framleiðir eða flytur til landsins, einungis búnaðarfélögum, samvinnufélögum, verzlunarfélögum, kaup-mönnum, hrepps- og bæjarfélögum, eða öðrum opinberum aðilum.

12. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekju-stofna sveitarfélaga.

13. gr.

Reikningsár Áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endur-skoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og fram-kvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

14. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun Áburðarverksmiðjunnar setur landbún-aðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51 28. janúar 1935, um verzlun með tilbúinn áburð, lög nr. 69 28. maí 1969, um Áburðarverksmiðju ríkisins, og lög nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.